


Hér eru leiðbeiningar til þess að athuga hvort vélin þín er með SuperFish forritinu og hvernig þú getur tekið það út.

Það er mikilvægt að fylgja þessu til enda.

Þú getur líka farið inn á heimasíðuna: <https://filippo.io/Badfish/> og ef þú færð mynd með orðinu „YES“ á skjánum ertu með Superfish og þarf að eyða því út.

Skef 1. Opnaðu Windows Start Menu og opnaðu leitina þar, t.d. ýta á stækkunarglerið (Search)




Skef 2: Leitaðu að textanum “remove programs” og veldu “Add or remove programs” eða „Uninstall a program“

Skef 3. Þegar listinn kemur upp leitaðu að “Superfish Inc. Visual Discovery” forritinu og veldu það.

Ath: ef þú finnur ekki “Superfish Inc. VisualDiscovery”, þá ertu ekki með forritið. Hins vegar þarftu samt að eyða öryggisvottorðinu skv. skrefi 6.


Skef 4: Veldu “Uninstall”. Þessi aðgerð tekur nokkrar sekúndur og er tölvan að fjarlægja forritið. Þegar því er lokið þá hverfur forritið af listanum.



Skef 5: Þegar forritið er farið út þarf að eyða vottorðinu líka.

Hér eru leiðbeiningar um hvernig þú finnur vottorðið og eyðir því:

Skef 6. Opnaðu Windows Start Menu aftur og opnaðu leitina, t.d. ýta á stækkunarglerið (Search)




Skef 7: Leitaðu að orðinu “Certificate”. Veldu “Manage computer certificates”.


Skref 8: Þegar Windows spyr, “Do you want to allow this program to make changes to this computer?”, veldu ‘Yes’

Skref 9: Þá kemur upp vottorðakerfi Windows (certificate manager window). Til vinstri áttu að velja “Trusted Root Certificate Authorities” og þaðan í undirmöppuna “Certificates”. Inni í henni áttu að finna nafnið “Superfish, Inc.”.


Ath: Ef þú finnur ekki nafnið “SuperFish Inc.” ertu ekki með þetta vottorð uppsett og vélin þín í góðu lagi. Þá þarftu ekki að halda áfram og getur lokað þessum glugga.



Skref 10. Hægri smelltu á “Superfish, Inc.” og veldu ‘Delete’. (ef þú ert með snertitæki geturðu ýtt á „X“ á efstu slánni).



Skref 11. Þegar Windows biður þig um að staðfesta veldu þá ‘Yes’. Þá er vottorðið horfið út af vélinni þinni.



Skref 12. Endurræstu vélina þína.

Nýherji vill svo áréttu að nauðsynlegt er að skipta reglulega um lykilorð á þeim kerfum sem þú notar og hafa þau sæmilega flókin svo að ekki sé hægt að stela upplýsingum á auðveldan hátt. Flókin lykilorð innihalda m.a. há- og lágstafi, tölur og tákni.